Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Dagskrárskjöl bygginarnefndar 1908-1913

Aðfnr. 1326 a, örk 16


## Tekið af vef Borgarskjalasafnsins

www.borgarskjalasafn.is

Heimilt er að vitna í skjölin og skal þá geta uppruna þeirra.



Ljósmyndun þessara skjala var styrkt af Þjóðskjalasafni Íslands.



**© Borgarskjalasafn Reykjavíkur**

Þegar kennaraskólinn var reistur síðastliðið haust, var þá tilætlunin að salerni hans væri í kjallaranum, en með því að vatn var enn ekki leitt að húsinu, var til bráðabyrgða bygður skúr á lóð skólans, er væntanlega verður tekinn burt, þegar salernum skólans verður fyrir komið í kjallaranum. Með því að það var ekki athugað í tíma að útvega leyfi byggingarnefndar til að byggja þennan skúr, vil jeg hjermeð virðingarfylst beiðast þess að hún nú eftir á veiti leyfi til þess að hann megi standa þar sem hann er á skólalóðinni.

Stærð skúrsins er þessi: 7 al 15" að lengd, og breidd 1 al 14", hæð 3 al 6", bygður úr timbri.

Virðingarfylst.

Jón Þórarinsson.

Bnf. 1/2 '09
By. 3

Til
byggingarnefndar Reykjavíkur.

B. Rvk. 75/1909 By. 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 13. jan. 1909.

Hér með leyfi eg mér að fara þess á leit við hina háttvirta byggingarnefnd Reykjavíkur, að hún veiti mér leyfi til þess að gera þær breytingar á húsi mínu Austurstræti no. 17, sem hjálögð teikning ber með sér.

Aðalbreytingin er innifalin í burttekt bakaríofnsins og flutning af 2-3 skilrúmum.

Á loftinu óska eg að þilja í þeim enda, sem óþiljað er.

Í austurgafli óska eg að fá að breikka gluggann um helming og setja eitt skilrúm, svo að þar verði alls 4 svefnklefar í stað 2, sem nú eru í vesturenda hússins.

Þessir fyrirhuguðu svefnklefar í austurendanum verða líkir þeim, sem eru í vesturenda, en þó nokkuð stærri.

Virðingarf. D. Östlund

Til byggingarnefndar
Reykjavíkur

B. Rvk 176/[illegible] B. 3

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

Reykjavík 29/1–09

Til
Byggingarnefndar
Reykjavíkur.

Jeg undirritaður leyfi mjer að biðja háttvirta byggingarnefnd bæjarins, að mæla mjer út fyrir grunni undir skúr sem jeg ætla að byggja við við austur enda á húsi mínu № 24. við Laugaveg (Austurhelming)

Jafnframt eru uppdrættir tveir af lóðinni, gamlahúsinu og nefndum skúr, báðir að öllu eins, afhentir herra Sigurði bæjarverkfræðing Thoroddsen.

Virðingarfyllst
Jón Guðmundsson
Grettisgötu 20 B

B. Rvk. 77/1909 By. 3.

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

# Eptirrit
## af
## fundargjörð byggingarnefndarinnar
## 1. febr. '09

Ár 1909 mánudag 1. febrúar átti bygginganefndin fund með sjer og fór þá þannig fram:

1. Jóni Þórarinssyni, fræðslumálastjóra fyrir hönd Stjórnarráðsins leyft að gera salerni 7°15" x 1°14" að stærð, við Kennaraskólann.
2. Jóni Guðmundssyni leyft að gjöra inngönguskúr 2½ x 6 ál. að stærð við austurgafl hússins nr. 24 við Laugaveg.
3. Beiðni frá Pálma Pálssyni kennara um fjósbygginguna á Meistaravelli frestað, þar til hann hefur fengið leyfi heilbrigðisnefndar.
4. Davíð Östlund leyftar ýmsar breytingar á húsinu Nr. 17 við Austurstræti. Skal hann breyta stiga upp á loptið svo, að hann fullnægji ákvæðum byggingarsamþykktar og gjöra löglegan reykháf frá eldavjelinni. Loks skal hann gjöra allt það til styrktar húsinu, sem byggingarfulltrúinn telur nauðsynlegt.
5. Var lagt fram til athugunar nefndarálit skemmtigarðsnefndarinnar. Bygginganefndin leggur til að bæjarstjórnin ákveði að svæði við s[illegible] ...innar

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur

skuli haldast óbyggt innan þessara tak-
marka: Að sunnan fyrirhuguð hringbrautin,
að austan fyrirhuguð framlenging Frakka-
stígs og gata hjerumbil 70 álnir fyrir neðan
Laufásveg, að vestan fyrirhuguð gata suður
frá Skothúsgötu hjerumbil 80 álnir frá tjörn-
inni, að norðan Skothúsgata og fyrirhuguð
gata frá Laufásvegi að tjörninni fyrir sunnan
hið nýbyggða hús Jóns Þórarinssonar.

6. Lagt til að bæjarstjórnin noti ekki for-
kaupsrjett að 1000 ferálnum úr erfðafestu-
landi Eiríks Bjarnarsonar, svonefndum
Skothúsbletti og lagt til að synjað verði
um leyfi til að breyta þeirri lóð í bygging-
arlóð.

Allir á fundi

Fundi slitið

Páll Einarsson

Kristján Þorgrímsson Sveinn Jónsson K. Zimsen

Rögnvaldur Ólafsson Sig. Thoroddsen

© Borgarskjalasafn Reykjavíkur